

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Hlíðarhverfi – suðurhluta.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 13. nóvember 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarhverfi – suðurhluta.

Breytingin tekur til Háhlíðar 4 og felur í sér að heimilt verði að breyta húsinu úr einbýlishúsi í tvíbýlishús.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 18. nóvember 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2024